

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

243. fundur. Föstudaginn 29. apríl 2016 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Pönglabakka 4 og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Einar Birkir Einarsson, Kristín Soffía Jónsdóttir (símleiðis), Sigríður Hulda Jónsdóttir varamaður og Sverrir Óskarsson. Fundinn sat Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs, sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör 31. mars 2016
2. Skipulagsmál
3. Orkuvænir vagnar
4. Framvindumat vegna tilraunaverkefni um eflingu almenningssamganga 2012-2022
5. Önnur mál

### Tekið fyrir:

1. Ársuppgjör 31. mars 2016  
Fjármálastjóri lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins 31. mars 2016. Árshlutauppgjörð er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Uppgjörð fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins kemur betur út en áætlun gerði ráð fyrir. Gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun 2016 standist og að rekstrarhagræði að fjárhæð 252 m.kr. gangi eftir.  
Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjörð með undirritun sinni.
2. Skipulagsmál  
Framkvæmdastjóri lagði fram drög að nýju skipurit, þar sem gert er ráð fyrir að farþegaþjónustusvið og akstursþjónusta fatlaðra verði sameinuð undir hatti farþegaþjónustusviðs. Gert er ráð fyrir að sviðin verði fimm, þ.e. rekstrarsvið, farþegaþjónustusvið, mannauðs- og gæðasvið, fjármál og rekstur og skipulagssvið.  
Gert ráð fyrir að nýtt skipurit taki gildi frá og með 1. maí 2016.  
Stjórn samþykkt nýtt skipurit fyrir Strætó bs.
3. Orkuvænir vagnar  
Framkvæmdastjóri kynnti það helsta sem er að gerast í þróun á umhverfisvænum strætisvögnum í nágrenni og lagði áherslu á að mótuð verði stefna til framtíðar um innleiðingu á umhverfisvænum orkugjöfum fyrir vagnaflota Strætó.  
Stjórn fagnar þessari umræðu og leggur til að framkvæmdastjóri haldi áfram vinna að þessu.
4. Framvindumat vegna tilraunaverkefni um eflingu almenningssamganga 2012-2022  
Í samningi SSH og Vegagerðarinnar frá 7. maí 2012 um 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu er ákvæði um að unnið skuli mat á framvindu verkefnisins á tveggja ára fresti. Tilgreindir eru níu ástandsvísar ásamt fleiri mælikvörðum um samgöngur sem hafa á til hliðsjónar. Í samræmi við ofangreint var Mannviti falið að taka saman upplýsingar fyrir hönd stýrihóps um verkefnið um stöðu verkefnisins í dag og framvindu þess í ljósi tilgreindra ástandsvísa frá árinu 2011. Í stýrihóp verkefnisins eru Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari og Sigurbergur Björnsson, skrifstofustjóri, innanríkisráðuneyti.  
  
Niðurstöður stýrihópsins er að framvindumatið sýni að töluverður árangur hefur náðs á fyrstu 4 árum verkefnisins.  
Stjórn ákvað að á næsta fundi stjórnar verði frekari umfjöllun um leiðakerfi og að óskað verði eftir að vegamálastjóra komi á fund stjórnar.
5. Önnur mál

- a) Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar, er varðar leiðarkerfi í Hafnarfirði, dagsett 25. apríl 2016, lagt fram. Stjórn vísar erindinu til afgreiðslu hjá framkvæmdastjóra.

Fleira var ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið kl. 13:00**

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 31. mars 2016
- Kynning á árshlutauppgjöri 31. mars 2016
- Strætó minnisblað – skipulag maí 2016
- Almenningsamgöngur, tilraunaverkefni, skilablað stýrihóps, 31. mars 2016
- Erindi frá umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðarbæjar, 25. apríl 2016

Bryndís Haraldsdóttir  
Sigríður Hulda Jónsdóttir  
Einar Birkir Einarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Sverrir Óskarsson